

REGLUR

um breytingu á reglum Seðlabanka Íslands um meðferð trúnaðarupplýsinga og verðbréfa- og gjaldeyrisviðskipti starfsmanna, nr. 831/2002.

1. gr.

- a) Á eftir fyrirsögninni „Ákvæði til bráðabirgða.“ kemur: I.
- b) Aftan við meginmál núgildandi ákvæðis til bráðabirgða bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

II.

Eftirtöldum starfsmönnum Seðlabanka Íslands er óheimilt að taka þátt í viðskiptum vegna gjaldeyrisútboða og fjárfestingaleiðar (50/50 leið) Seðlabanka Íslands, samanber áætlun um afnám gjaldeyrishafta dags. 25. mars 2011:

1. Seðlabankastjóra,
2. aðstoðarseðlabankastjóra,
3. aðalhaffræðingi,
4. aðallögfræðingi,
5. framkvæmdastjórum Seðlabankans,
6. nefndarmönnum peningastefnunefndar,
7. starfsmönnum sem sitja í framkvæmdanefnd um fjárfestingaleið,
8. starfsmönnum lánamála ríkissjóðs,
9. starfsmönnum gjaldeyriseftirlits,
10. öðrum starfsmönnum sem taka þátt í að móta sérgreindar reglur og skilmála í tengslum við áætlun um afnám gjaldeyrishafta, meta áhrif áætlunarinnar á stöðugleika í peninga- og gengismálum, og sjá að öðru leyti um framkvæmd á gjaldeyrisútboðum og fjárfestingaleið,
11. þeim sem reglulega sitja framkvæmdastjórafundi.

Sama á við um aðila sem eru fjárhagslega tengdir starfsmönnum sem taldir eru upp í 1. mgr., sbr. skilgreiningu 16. gr. reglna nr. 987/2006 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Þessir aðilar eru:

1. Maki, maki í staðfestri samvist og sambúðarmaki,
2. ófjárráða börn, kjörbörn og stjúpbörn á heimili starfsmanns,
3. önnur skyldmenni sem búa á heimili með starfsmanni og hafa búið á heimili starfsmanns í a.m.k. eitt ár,
4. lögaðili:
 - a) sem lýtur framkvæmdastjórn starfsmanns eða aðila sem talinn er upp í lið 1, 2 og 3,
 - b) sem er stjórnað með beinum eða óbeinum hætti af starfsmanni eða aðila sem er talinn upp í lið 1, 2 og 3,
 - c) annar en í lið a eða b ef fjárhagslegir hagsmunir hans eru samtvinnaðir hagsmunum starfsmanns eða aðila sem talinn er upp í lið 1, 2 eða 3.

Rísi vafi um hvaða starfsmenn falli undir sérákvæði þessi sker seðlabankastjóri úr.

2. gr.

Reglur þessar eru settar með tilvísun til ákvæða 31. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 7. febrúar 2012.

Seðlabanki Íslands,

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri.

Sigríður Logadóttir
aðallögfræðingur.